



REGLUGERÐ UM BÍLANOTKUN Í GSÍ MÓTUM

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til notkunar keppenda og kylfubera á golfbílum í golfmótum sem haldin eru af Golfsambandi Íslands.

2. gr.

Stefna Golfsambands Íslands er að almennt skuli keppendur og kylfuberar í golfmótum á vegum GSÍ ekki nota golfbíla meðan á leik stendur. GSÍ telur að líkamlegt atgervi sé einn áhrifapátta varðandi árangur í golfkeppnum og því skuli miðað við að ganga sé eðlilegur hluti golfkeppni.

Með tilliti til samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðra veitir GSÍ þó undanþágur frá banni um notkun golfbíla til kylfinga með langvarandi líkamlega fötlun sem kemur í veg fyrir að þeir geti gengið í golfmótum.

3. gr.

Í golfmótum á vegum GSÍ, að undanskildu Íslandsmóti eldri kylfinga, 65 ára og eldri, skal mótsstjórn aðeins veita þeim keppendum, sem framvísa vottorði frá tilnefndum trúnaðarlækni GSÍ, heimild til að nota golfbíl meðan á keppni stendur. Vottorðið skal staðfesta að keppandinn búi við langvarandi líkamlega fötlun og þurfi á golfbíl að halda við keppni, að því tilskildu að slíkt veiti keppandanum ekki ótilhlýðilegt forskot, sbr. undantekningu 1 við golfreglu 14-3.

Umsókn um heimild til notkunar golfbíls skal senda mótastjóra GSÍ að minnsta kosti einni viku áður en mótið hefst. Umsóknin skal send til motanefnd@golf.is og henni skal fylgja afrit vottorðsins.

Upplýsingar um trúnaðarlækni GSÍ skulu birtar á heimasíðu GSÍ.

4. gr.

Keppandi sem fær leyfi til að nota golfbíl ber ábyrgð á notkun bílsins. Hann einn má ferðast á golfbílnum en t.d. ekki kylfuberi hans eða meðkeppendur.

5. gr.

Í öllum golfmótum á vegum GSÍ er starfsmönnum mótanna heimill tilfallandi akstur keppenda, til að flýta leik.

Þannig samþykkt á stjórnarfundi GSÍ 9. mars 2017